

KLIP2SÉ02

Trjá og runnaklippingar II – Sérhæfðar - 2024

Kennarar:

Ágústa Erlingsdóttir, Jón Þórir Guðmundsson, Aaron Shearer, Björgvin Örn Eggertsson og Guðríður Helgadóttir

Áfangalýsing:

Nemendur kynnast sérhæfðari verkum trjá- og runnaklippinga s.s. klippingum og umhirðu nýrra limgerða fyrstu árin, endurnýjun limgerða og klippingum einstaka plöntuhópa s.s. eðalrása, klifurplantna, sígrænna runna, ávaxtrjáa, ágræddra tegunda og annarra sem krefjast sérstakrar umhirðu. Einnig áframhaldandi umfjöllun um krónuklippingar og fleira sem farið var yfir í trjá og runnaklippingum I.

Námsefni og námsgögn:

Námsheftið Trjá og runnaklippingar eftir Einar Friðrik Brynjarsson og Ágústu Erlingsdóttur sem fæst á skrifstofunni

Fyrir verklega tíma:

Hafið ávallt með ykkur handklippur í tíma þar sem skólinn skaffar þær almennt ekki. Ef þið eigið handsagir og kraftklippur er um að gera að hafa þær meðferðis (passið að merkja þær fyrst). Ef þið viljið notast við eigin limgerðisklippur þá megið þið hafa þær með líka. Mætið í alla tíma tilbúin til útiveru. Það má vel vera að við kíkjum út að skoða eitthvað í fyrsta tíma þó hann sé bóklegur og hinir þrír eru útvinnu allan daginn.

Námsmat:

Verklegt verkefni í klippingu berjarunna	15%
Bóklegt próf	85%

Dags.	Efni tíma	Fj. tíma	B/V
7. mars	Bóklegur fyrirlestur frá Aaron Shearer um áhættumat á trjám. Jón Guðmundsson fjallar um klippingu og umhirðu ávaxtrjáa í fyrirlestri og svo verða skoðuð ávaxtatré á staðnum og mögulega snyrt til.	8	B
21. mars	Fyrirlestur um klippingar helstu tegundahópa um morguninn. Að honum loknum verður farið út að skoða tré og runna og byrjað á verklegum æfingum.	8	B/V
4. apríl	Verklegur tími á Reykjum í trjá og runnaklippingum. Aaron Shearer kemur og sýnir helstu aðferðir við áhættumat á trjám.	8	V
5. apríl	Verklegur tími á Reykjum í trjá og runnaklippingum. Verkefni í klippingu berjarunna unnið.	8	V